




Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2013.

Árþing Borðtennissambands Íslands 2011 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal mánudaginn 28. október 2013. Var fundarsókn ágæt en mættir voru 27. Fundarstjóri var kosinn Hafsteinn Pálsson sem sæti á í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Fundarritari var kosinn Ingimar Ingimarsson.

Hafsteinn Pálsson ávarpaði þingið og gaf formanni sambandsins orðið. Hélt formaður, Sigurður Valur Sverrisson ávarp og fór hann yfir ársskýrslu sambandsins. Fundarstjóri spurði hvort einhverjar athugasemdir væru varðandi boðun til þingsins og voru engar athugasemdir gerðar.

Fundargerð síðasta þings var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gaf Ástu Urbancic orðið f.h. Kjörbréfanefndar. Greindi hún frá því að þeir aðalfulltrúar sem höfðu rétt til að sækja þingið væru 26. Voru þeir allir mættir.

Fulltrúar frá ÍBR-Örninn (1)

Fulltrúar frá ÍBA-Akri (3)

Fulltrúar frá HSK-Dímon (4)

Fulltrúar frá Víking (6)

Fulltrúar frá BH (3)

Fulltrúar frá KR (6)

Fulltrúar frá HK (3) Bjarni Þ Bjarnason, Helgi Þór Gunnarsson, Kristján Hjartarsson

Reikningar BTÍ lagðir fram.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Pétur Marteinn Tómasson spurðist fyrir um myndavél sambandsins. Pétur Stephensen gerði athugasemdir varðandi það að halli hafi verið á rekstri sambandsins árið 2012. Ásta Urbancic

gerði athugasemdir við það að unglingalandslið hafi látið taka þátt í kostnaði vegna ársins 2013. Sigurður benti á að aðhald þurfi að vera á rekstri sambandsins.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

Formaður gerði grein fyrir fjárhagsáætlun vegna ársins 2013.

Fyrir þinginu lágu tillögur að reglugerðarbreytingum frá Akri og Ástu Urbancic. Tillaga frá Akri gerði ráð fyrir því 2. deild og flokkakeppni unglinga verði leikin á einni helgi fyrri hluta árs og 1. deild karla og kvenna í tveimur túrningum fyrir og eftir áramót. Einar Geirsson lýsti sig andvígán. 2. deild hafi reynst vel. Jóhannes Bjarki Urbancic lýsti sig einnig andvígán. Pétur Stephensen lýsti óánægju með að 1. deildar lið Víkings mætti til leiks við Akur og spilaði við B lið Akurs.

Tillaga Ástu:

Um styrkleikalista. Sú tillaga var samþykkt.

Aldursflokkamótaröðin. Ásta mælti fyrir tilögunni. Hún var samþykkt.

Sigurður Valur Sverrisson var endurkjörinn formaður.

Atkvæðagreiðsla var í stjórn sambandsins. Í stjórn voru kjörin Pétur Marteinn, Ingimar Tryggvi Áki og Hlöðver.

Skorað á stjórnina að skoða agamál, hverjar reglur gilda um það? Hverjar reglur gilda um röðun?

Skorað á stjórn að halda dómaranámskeið.

Ávarp nýkjörins formanns.

Formaður sleit þingi.

